

FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 28. ágúst kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni, Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð og Tinnu Dahl Christiansen.

Að auki sat fundinn undir lið 10 Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Gunnar Haraldsson hagfræðingur og formaður starfshóps um fjármál sveitarfélaga.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 19. júní 2020

Lögð var fram fundargerð frá 19. júní 2020 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 19. júní 2020 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Uppfærð áætlun vegna tekjufalls í kjölfar Covid-19

Tekin var til umræðu uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs 2020 sem afgreidd var á fundi ráðgjafarnefndar 19. júní 2020.

3. Áætlun um skatttekjur ríkisins 2021 og útsvarsstofn sveitarfélaga 2020

Lögð var fram áætlun fjármálaráðuneytisins um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2021 og áætlun á útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs verði um 742,5 ma.kr. á næsta ári og álagningarstofn útsvars 2020 verði 1.806 ma.kr.

4. Ályktanir sveitarfélaga vegna framlaga Jöfnunarsjóðs 2020

Lagðar voru fram ályktanir fjögurra sveitarfélaga vegna framlaga Jöfnunarsjóðs 2020.

5. Viðbótarframlög vegna snjómoksturs

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir Akureyrar, Dalvíkurbyggðar, Fjarðabyggðar, Grýtubakkahrepps og Hörgársveitar um viðbótarframlag vegna íþyngjandi snjómoksturs veturinn 2019-2020. Áður höfðu þrjár þessara umsókna verið teknar til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar 27. mars 2020 en ákveðið var að fresta afgreiðslu þeirra þar til komin væri skýrari mynd á lækkun tekna sjóðsins á árinu 2020 vegna Covid-19.

Í ljósi tekjufalls sjóðsins og áhrif þess á framlög úr sjóðnum taldi nefndin ekki rétt að samþykka umsóknir sveitarfélaganna um viðbótarframlög vegna íþyngjandi snjómoksturs.

6. Sameiningar sveitarfélaga – vinnureglur

Tekið var til umræðu hvort ráðgjafarnefndin skildi setja sér vinnureglur um úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningu sameiningar og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Starfsmönnum Jöfnunarsjóðs var falið að setja saman drög að vinnureglum um úthlutanir af þessu tagi.

7. Beiðni um fjárframlag vegna fjárhagserfiðleika

Strandabyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Strandabyggðar, dags. 26. ágúst 2020, um framlög úr Jöfnunarsjóði vegna greiningar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Fram kemur í umsókninni að skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði árið 2020 nemi alls um 70 m.kr. og að sveitarfélagið þurfi aðstoð við að gera úttekt á núverandi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og meta framtíðarhorfur í rekstri.

Einnig var lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs dags. 27. ágúst 2020. Þar er vísað í erindi sveitarfélagsins Strandabyggðar til ráðuneytisins, dags. 19. ágúst 2020, þar sem sveitarfélagið óskar eftir að gert verði samkomulag um fjárhagsmálefni þess, sbr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Tilgangur slíks samkomulags er m.a. að setja sveitarfélaginu fyrir tiltekin fjárhagsleg viðmið eftir því sem þörf er á, m.a. um rekstur, fjárfestingar og skatta og gjöld. Þá getur ráðherra að fenginni tillögu eftirlitsnefndar m.a. veitt sveitarfélagi styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs. Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til erindis Strandabyggðar telur það nauðsynlegt að fyrst fari fram fjárhagsleg úttekt á stöðu sveitarfélagsins. Í framhaldi af slíkri úttekt mun ráðuneytið meta tilefni til þess að gera samning um fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt var að veita framlag til Strandabyggðar allt að 4 m.kr. vegna ofangreindrar vinnu.

8. Tekjujöfnunarframlög 2020

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 27. ágúst 2020.

Framlögnum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera:

- a. Reykjavík
- b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri önnur en Reykjavík
- c. Sveitarfélög með 300–11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2020, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki viðmiðunartekjum í útreikningi viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunartekna sjóðsins er lagt til að hámarkstekjur sveitarfélags á íbúa verði jafnaðar miðað við 94,28% af meðaltali hámarkstekna í viðmiðunarflokki þess sveitarfélags. Áætlað er að tekjujöfnunarframlag 2020 nemi 1.250 m.kr. Gert er ráð fyrir að ¾ hlutar framlagsins komi til greiðslu í október en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og leggur nefndin til við ráðherra að hún verði samþykkt.

9. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. ágúst 2020, varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga sem áformað er að leggja fram á 151. löggjafarþingi. Tilgangur frumvarpsins er að mæla fyrir um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tilfærslu verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingarstofnunar ríkisins.

10. Starfshópur um fjármál sveitarfélag í kjölfar Covid-19

Gunnar Haraldsson hagfræðingur, formaður starfshóps um fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum og ábendingum starfshópsins.

11. Staðgreiðsla sveitarfélaga í Jöfnunarsjóð

Lagður var fram samanburður á staðgreiðslu sveitarfélaga í Jöfnunarsjóð á tímabilinu janúar til júlí 2019 annars vegar og 2020 hins vegar.

12. Reykjavíkurborg – endurskoðun á samningi um sérskóla

Lagt var fram til kynningar bréf frá Reykjavíkurborg, dags. 30. júní 2020, þar sem óskað er eftir því að vinna hefjist við að undirbúa nýjan samning vegna sérskóla og sérúræða sem staðsett eru í Reykjavík.

13. Sérstök framlög vegna Covid-19

Tekið var til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 24. mars 2020. Minnisblaðið hafði áður verið tekið til umræðu í nefndinni á fundi hennar 27. mars 2020.

Í minnisblaðinu kemur fram að stofnað hefur verið viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa sem mun vinna að því að draga úr rofi á þjónustu. Felast m.a. í því fjárframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aðkoma Jöfnunarsjóðs geti verið með tvennum hætti. Annars vegar með heimild í reglugerð 351/2002 þar sem segir að heimilt sé að ráðstafa framlögum til sveitarfélaga á grundvelli

umsókna vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskóla sem leiði til útgjalda umfram tekjur. Mögulegar fjárhæðir vegna þess er áætluð 75–100 m.kr. Hins vegar með mögulegri breytingu á 8. gr. reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk þar sem heimilt yrði að veita sérstök viðbótarframlög til svæða til þess að jafna sveiflur sem koma í útgjöldum milli ára og sérstaklega má rekja til aðgerða til varnar því að rof verði á þjónustu við fatlað fólk vegna samfélagsaðstæðna. Mögulegar fjárhæðir vegna þess eru áætlaðar 175–200 m.kr.

Ákveðið var að senda út erindi til sveitarfélaga og þjónustusvæða þar sem óskað er eftir upplýsingum um kostnað aðgerða til varnar því að rof yrði á þjónustu við fatlað fólk.

14. Lántaka úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs

Tekin var til umræðu hugsanleg lántaka úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og hugsanleg ráðstöfun þess lánsfjár.

15. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs

Húnavatnshreppur

Tekin var til umræðu umsókn Húnavatnshrepps um styrk til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að Húnavatnsskóla. Þá var jafnframt rætt um að gera þyrfti breytingar á reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs er útvíkka starfsemi sjóðsins.

Ákveðið var að kalla eftir frekari upplýsingum er varða umsóknina og fresta afgreiðslu hennar þar til þær upplýsingar liggja fyrir.

16. Beiðni um framlag vegna úttektar á þjónustu

Suðurnesjabær

Tekin var til umræðu umsókn Suðurnesjabæjar um framlag til að standa straum af kostnaði vegna stjórnsýsluúttektar á þjónustu við fatlað fólk í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Samþykkt var að veita framlag allt að 3 m.kr. til að standa straum af kostnaði við ofangreinda vinnu.

17. Fjárhagsleg áhrif breytinga á framlög úr Jöfnunarsjóði

Lagður var fram til kynningar samanburður á enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum, fasteignaskattsframlögum og almennum jöfnunarframlögum til reksturs grunnskóla við endanleg framlög sveitarfélaga árið 2019.

Í ljósi mikils tekjufalls í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 2020 í kjölfar kórónuveirufaraldursins lögðu fulltrúar í ráðgjafarnefnd sjóðsins fram eftirfarandi bókun:

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga beinir því til ríkisstjórnar Íslands að beita sér fyrir því að Jöfnunarsjóði verði bætt það tekjutap sem hann standur nú frammi fyrir. Útsvarstekjur margra sveitarfélaga munu dragast verulega saman á þessu ári vegna lækkaðra atvinnutekna. Lækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs þar til viðbótar kemur sér því afar illa fyrir mörg sveitarfélög og getur sett í uppnám möguleika þeirra að styðja við fjölskyldur og heimili við þessar fordæmalaus aðstæður. Vakin er athygli á því að á sama tíma og sveitarfélögin eru að takast á við mikið tekjufall hækka mörg útgjöld langt fram úr áætlunum, svo sem kostnaður vegna félagsþjónustu. Einfaldasta almenna aðgerðin til að styðja við sveitarfélögin væri að bæta Jöfnunarsjóði tekjutapið.

18. Ársfundur Jöfnunarsjóðs

Ræddar voru mögulegar útfærslur á ársfundi Jöfnunarsjóðs 2020 í ljósi samkomutakmarkana. Rætt var um að stefna að því að halda fámennan fund í októbermánuði en sá yrði einnig aðgengilegur sveitarfélögum í gegnum Netið til áhorfs og þátttöku.

19. Næsti fundur

Þá var ákveðið að nefndin kæmi næst saman til fundar föstudaginn 25. september 2020.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundinum slitið laust eftir klukkan hálf þrjú.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson